Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Til bæjarráðs Kópavogsbæjar/ umsögn

Kópavogi, 30. nóvember 2021
21111726/511.10 AKG

Efni: Turnahvarf 6, Opus fasteignafélag. Beiðni um heimild til framsals lóðarréttinda.

Undirritaðri hefur borist beiðni frá lóðarhafa Turnahvarfs 6, Opus fasteignafélagi ehf., kt. 421014-1590, um heimild til að framselja lóðina til Borgarafls ehf., kt. 690103-2490.

Lóðarhafi fékk lóðinni úthlutað þann 26. apríl 2016. Gert er ráð fyrir atvinnuhúsnæði á tveimur hæðum á lóðinni og voru byggingaráform samþykkt á afgreiðslufundi byggingarfulltrúa þann 19. júlí 2021.

Í 9. gr. lóðarleigusamnings segir að lóðarhafa sé óheimilt að framselja eða veðsetja rétt sinn til lóðarinnar, nema með sérstöku leyfi bæjarráðs, þangað til lóðin hefur náð tilteknu byggingarstigi skv. ÍST 51 og fokheldisvottorð byggingarfulltrúa hefur verið gefið út. Húsið er komið á byggingarstig 2.

Fjármálastjóri hefur yfirfarið gögn málsins og staðfest að bæði framseljandi og framsalshafi eru ekki í vanskilum gagnvart Kópavogsbæ. Með hliðsjón af framangreindu sér undirrituð ekki meinbugi á því að framsalið verði heimilaði í samræmi við beiðni lóðarhafa.

Virðingarfyllst,

Anna Kristín G.

Anna Kristín Guðmundsdóttir
Lögfræðingur

Skjal sótt af '0000000000' dags: 12.11.2026